

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna,
notkun ökutækja og eftirlit, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 56. gr. reglugerðarinnar:

a. h) liður verður svohljóðandi:

Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1013 frá 30. mars 2017 um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2006/561, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242, 15. desember 2017, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, frá 1. febrúar 2018, bls. 523-530.

b. Á eftir n) lið kemur nýr stafliður o), svohljóðandi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1503 frá 25. ágúst 2017 um breytingu framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/68 um sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru fyrir samtengingu rafrænna skráa yfir ökumannskort, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241, 15. desember 2017, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, frá 1. febrúar 2018, bls. 641-652.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin er sett með heimild í 44. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 14. mars 2018.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Valgerður B. Eggertsdóttir.